# Ársskýrsla Eitrunarmiðstöðvar 2020

## Starfsemi og starfsmenn

Eitrunarmiðstöðin (EM) starfaði á bráðaþjónustu meðferðarsviði Landspítala árið 2020.
Aðalhlutverk er að sinna ráðgjöf um meðferð eitrana til almennings og heilbrigðisstarfsmanna og efla þekkingu á eitrunum og meðferð þeirra.
Eitrunarsíminn er opinn fyrir alla allan sólarhringinn.

## Yfirlit yfir fyrirspurnir árið 2020

Árið 2019 voru skráð símtöl í eitrunarsímann **2.217** og árið 2020 **2.445 (tæplega 7 símtöl á dag)**.

Betri skráning og betra utanumhald símtala skýrir að miklu leyti þessa aukningu á einu ári m.a. betri skráning á almennum fyrirspurnum. En einnig má skýra þessa aukningu með meiri sýnileiki stöðvarinnar vegna hinna ýmsu kynninga og funda sem haldnir voru á árinu, þar sem starfsemi og gagnsemi Eitrunarmiðstöðvarinnar var kynnt fyrir heilbrigðisstarfsfólki og almenningi. Loks er merkjanleg aukning á símtölum vegna sótthreinsivökva og nikótínpúða.

## Tölfræði og yfirlit símtala í eitrunarsímann

34,1% fyrirspurna voru vegna lyfjaeitrana og 41,8% vegna annarra eiturefna. Almennar fyrirspurnir voru 15,4% og ekki var skráð ástæða fyrirspurnar í 8,7% tilvika.



s

Af **2.445** símtölum voru **1.948** (80%) símtala/fyrirspurna afgreidd í símtalinu.
11% símtala voru frá læknum á sjúkrahúsum eða bráðamóttökum, um 2% erinda var vísað á heilsugæsluna, um 11,4% var vísað á bráðamóttökur og í um 7% tilvika var sjúklingurinn þegar á sjúkrahúsi og óskað var eftir ráðgjöf vegna atviksins.

# Ástæða:










**Ástæða:**

Símtölum vegna sjálfsskaða fækkaði úr 7% í 6,5% frá 2019 en símtölum vegna rangrar lyfjagjafar á stofnunum fjölgaði úr 11% í 13,4%.


Ástæða
2%
4%
2%
0,20%
5%
6%
11%
58%
13%
Óhapp
Röng lyfjanotkun/lyfjagjöf
Ekkert valið
Sjálfsvígstilraun/sjálfsskaði
Annað/ekki vitað
Misnotkun (drug abuse)
Aukaverkun
Vinnuslys
Milliverkun


Hvenær átti eitrun sér stað?
Almenn fyrirspurn
>24 klst.
6-24 klst.
2-6 klst
1-2 klst.
16-60 mín.
0-15 mín.
*Ekkert valið*
0
200
400
600
800
1000
1200


Hvar átti eitrunin sér stað?
1%
17%
3%
16%
63%
*Ekkert valið*
Annað
Heimili
Skóli
Vinna

## Dreifing símtala yfir daginn

| | kl. 8-16 | kl. 16-24 | kl. 24-8 |
|---|---|---|---|
| 2018 | 46% | 46% | 8% |
| 2019 | 38% | 52% | 10% |
| 2020 | 42% | 50% | 8% |

| **Tegund eitrunar** | (%) |
|---|---|
| Lyfjaeitranir | 34,1 |
| Önnur eiturefni | 41,8 |
| Almennar fyrirspurnir | 15,4 |
| Ekki skráð | 8,7 |
| **Aldursdreifing** | (%) |
| Fullorðnir | 37,8 |
| Unglingar/börn 6-18 ára | 7,2 |
| Börn 2-6 ára | 19,1 |
| Börn 2 ára og yngri | 18,9 |
| Ekki skráð | 2 |
| Almennar fyrirspurnir | 15 |

## Algengustu lyfin sem hringt var út af:

| Heiti lyfs | Fjöldi (%) |
|---|---|
| Geðlyf | 9,3 |
| Parasetamól | 7,4 |
| Flogaveikilyf | 7,0 |
| Veik verkjalyf/NSAID | 6,4 |
| Ofvirknilyf | 6,1 |
| Hjartasjúkdómalyf | 5,7 |
| Svefnlyf | 5,7 |
| Þunglyndislyf SSRI | 5,5 |
| Vítamín og/eða járn | 4,9 |
| Bensódíasepín | 4,3 |
| Sterk verkjalyf/Opíóíðar | 4,0 |
| Andhistamín | 3,9 |
| Sýklalyf | 3,0 |
| Blóðþrýstingslækkandi lyf | 2,5 |
| Sterar | 2,6 |
| Hormónalyf | 2,0 |
| Nikótínlyf | 1,6 |
| Magasýrulyf | 1,2 |
| Asthmalyf | 1,1 |

| | |
|---|---|
| Þunglyndislyf þríhringlaga | 0,3 |
| Náttúrulyf/fæðubótarefni | 0,5 |
| Annað/ekki skráð | 15,0 |

**<u>Algengustu efnin sem hringt var út af:</u>**

